



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður & Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

mánudagur, 11. mars 2024
MÍ202403-0070/ 6.09 / L.G.

Efni: Umsögn um deiliskipulag frístundabyggðar í Flókalundi

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Vesturbyggðar þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Flókalundi, í gegnum Skipulagsgátt. Þar var hægt að nálgast rafræn skipulagsgögn dagsett 6. mars 2024.

Innan skipulagssvæðissins eru þegar alls fimmtán hús og þrettán þeirra eru orlofshúsa auk þjónustuhúss fyrir sundlaug og starfsemi orlofsbyggðarinnar. Í heild er skipulagssvæðið 4,4 ha og verulega raskað.

Athugasemdir Minjastofnun Íslands

Fornleifaskráning hefur farið fram á vegum Náttúrustofu Vestfjarða (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2019. *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldusalsvegur*. Náttúrustofnun Vestfjarða. Bolungavík) vegna vegagerðar skammt frá deiliskipulagssvæðinu. Hins vegar nær skráningin ekki yfir deiliskipulagssvæðið. Grundvöllur þess að hægt sé að meta deiliskipulag varðandi menningarminjar er að fyrir liggi skráðar upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki í sveitarfélaginu. Hins vegar er svæðið þegar uppbyggt. Samkvæmt svæðisskráningu eru ekki vísbendinga um minjar á deiliskipulagsreitnum. Minjastofnun Íslands mælir þó með að skráning fari fram á allri jörðinni. Enda vinsælt ferðamannasvæði, skráning eykur gildi svæðisins og skapar tækifæri til þess að kynna fólki sögu staðarins sem og auðveldað öll frekari skipulagsmál.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands fer hins vegar ekki fram á fornleifaskráningu á deiliskipulagsreitnum.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

